



Stofnskrá
Menningarmiðstöðvar
Hornafjarðar

Efnisyfirlit

Stofnskrá Mennignarmiðstöðvar Hornafjarðar.....	2
Um eigendur safnsins, stjórn, rekstur þess og lagaumhverfi.....	2
Söfn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og þættir í starfsemi þeirra.	
Byggðasafn	4
Söfnunarstefna.....	4
Sýningarstefna	5
Útlán safngripa.....	5
Bókasafn	5
Héraðsskjalasafn.....	5
Söfnunarstefna.....	6
Sýningarstefna.....	6
Útlán safngripa	6
Listasafn	6
Söfnunarstefna.....	6
Sýningarstefna.....	6
Útlán safngripa	6
Náttúrugripasafn.....	7
Söfnunarstefna.....	7
Sýningarstefna.....	7
Útlán safngripa.....	7
Um lokun safnsins og gildistíma	8



Stofnskrá

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Kafli I

Um eigendur safnsins, stjórn, rekstur þess og lagaumhverfi.

1. gr. Stofnunin heitir Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Starfssvæði hennar er Sveitarfélagið Hornafjörður. Stofnunin varð til árið 1990 með sameiningu nokkurra safna. Heiti hennar var upphaflega Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu en breyttist árið 2001 í Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Eigandi stofnunarinnar er sveitarfélagið Hornafjörður.

2. gr. Stofnunin starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safnalögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum. Stofnunin starfar eftir siðareglum ICOM og þeim reglum/viðmiðunum sem höfuðsöfn setja um starfsemi safna, varðveislu og meðferð muna. Stofnunin starfar á grundvelli stefnu í menningar- og safnamálum Hornafjarðar 2016-2026 sem samþykkt var í Menningarmálanefnd Hornafjarðar 2016. Hlutverk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er að halda uppi öflugu menningarlífi í sveitarfélaginu fyrir alla aldurshópa. Einnig að styðja við frjáls félaga-samtök sem vinna að menningarmálum. Af öðrum meginmarkmiðum sem koma fram í stefnumótun Sveitarfélagsins Hornafjarðar í menningarmálum fyrir árin 2016-2026 má nefna: Vinna að þróun samstarfs sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum. Efla áhuga ungs fólks á menningu og menningararfí, m.a. í samstarfi við skóla og vinnuskóla.

3. gr. Menningarmiðstöðin skal kappkosta að kynna starfsemi sína fyrir sem flestum og vera til þess búin að þjóna notendum sínum sem best. Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar og safnverðir geta ein ákveðið hvort og hvenær má láta gripi af hendi eða skipta við önnur söfn. Ekki er söfnunum skyld að veita viðtöku gjöfum ef sérstakar kvaðir fylgja um varðveislu.

4. gr. Eigandi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar greiðir rekstrar- og stofnkostnað hennar. Sérverkefni á vegum Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar verða þegar við á rekin á sértekjum í formi opinbera styrkja. **Allur arður af starfsemi stofnana Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar rennur til stofnunarinnar sjálfrar.**

5. gr. Með stjórn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar fer og menningarmálanefnd Hornafjarðar. Hana skipa 5 aðalfulltrúar og jafnmargir til vara. Skipar Bæjarstjórn sveitarfélagsins Hornafjarðar þá alla til fjögurra ára í senn, án tilnefningar. Bæjarstjórnin Sveitarfélagsins Hornafjarðar tilgreinir jafnframt hver skal vera formaður nefndarinnar og hver varaformaður. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Bæjarstjórnin Sveitarfélagsins Hornafjarðar setur menningarmálanefnd erindisbréf. Að jafnaði skulu haldnir fundir mánaðarlega í nefndinni og skulu þeir boðaðir öllum aðalmönnum með hæfilegum fyrirvara. Rétt til setu á nefndarfundum hefur einnig forstöðumaður Menningarmiðstöðvar og aðrir þeir sem formaður ákveður hverju sinni.

6. gr. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar ræður forstöðumann að Menningarmiðstöð Hornafjarðar að fenginni tillögu menningarmálanefndar. Forstöðumaður annast ráðningu annars starfsfólks. Föst störf við stofnunina skulu auglýst opinberlega áður en ráðið er í þau en forstöðumaður hefur heimild til þess að ráða starfsfolk í tímabundin störf án auglýsinga. **Forstöðumaður starfar eftir starfslýsingu og í umboði eiganda**

7. gr. Verði nokkru sinni ákveðið að leggja Menningarmiðstöð Hornafjarðar eða einstakar deildir hennar niður skal safnkosti þess vera ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykkta og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

8. gr. Stofnskrá þessi tekur gildi við samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Stofnskráin er samþykkt til fjögurra ára í senn.

Kafli II

9. gr. Söfn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og þættir í starfsemi þeirra.

9.1 Byggðasafn

Að safna þjóðlegum menningarverðmætum er snerta sögu atvinnuháttar og byggðaþróunar almennt á starfssvæði þess. Jafnframt að skrá muni og fornminjar og halda til haga upplýsingum um eldri byggingar í sýslunni.

9.2 Bókasafn

Að veita alla almenna bókasafnsþjónustu og vera miðstöð upplýsinga-miðlunar og fræðslu meðal almennings og nemenda á öllum skólastigum.

9.3 Héraðsskjalasafn

Að safna heimildum um líf og störf Austur-Skaftfellinga, vinna úr þeim gögnum, flokka þau og skrá og gera þannig aðgengileg fyrir almenning eftir því sem efni standa til. Í safninu skal starfrækja ljósmyndadeild. Einnig að standa fyrir sýningum og útgáfu.

9.4 Listasafn

Að safna listaverkum eftir íslenska listamenn með sérstakri áherslu á skaftfellska list. Jafnframt að skrá og halda til haga upplýsingum um listaverk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Skal safnið vinna að því að listaverk séu að staðaldri til sýnis í sem flestum þessara stofnana auk þess að efna til sérstakra sýninga.

9.5 Náttúrugripasafn/Jöklasafn

Að safna munum úr náttúrunni og koma þeim á framfæri við almenning. Einnig að vinna að náttúru- og umhverfisvernd í samvinnu við náttúru-verndarsamtök og stofnanir, skrá muni og náttúruminjar og halda til haga upplýsingum um þessi atriði.

10. gr. Um starfssvið safna Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

10.1 Byggðasafn

Hlutverk Byggðasafns er að safna og sýna þverskurð af mannlífi í Austur-Skaftafelssýslu. Áhersla er lögð á skaftfellskt efni og þá þætti sem einkennt hafa þetta byggðarlag eða gert aðstæður þess frábrugðnar aðstæðum annarra byggðarlaga. **Byggðasafn starfar eftir gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.**

Söfnunarstefna

Byggðasafn safnar minjum sem gefa heildstæða mynd af sögu og mannlífi héraðsins. Byggðasafni er ætlað að safna minjum sem lýsa heimilishaldi, félagslífi, samgöngum og atvinnuháttum, jafnt til sjávar og sveita. Safninu er ekki skyld að taka við gjöfum ef kvaðir fylgja.

Sýningarstefna

Byggðasafn skal kappkosta að kynna starfsemi sína fyrir sem flestum og vera til þess búið að þjóna gestum sínum sem best. Sýningar safnsins eiga að auka aðgengi og áhuga almennings á sögu héraðsins og mannlífi.

Útlán safngripa

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar og safnvörður Byggðasafns ákveða hvort og hvenær má láta gripi af hendi eða skipta við önnur söfn. Lánþegi undirritar þar til gerðan lánssamning.

Safnið starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safnalögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum. Stofnunin starfar eftir siðareglum ICOM.

10.2 Bókasafn

Bókasafn starfar í samræmi við lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Hlutverk þess er að jafna aðgang íbúa og gesta sveitarfélagsins að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu. Þjónusta safnsins skal ná til allra án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Safninu er ekki skyld að taka við gjöfum ef kvaðir fylgja. **Bókasafnið starfar eftir gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.**

10.3 Héraðsskjalasafn

Héraðsskjalasafn starfar í samræmi við reglugerð um héraðsskjalasöfn og lög nr. 66/1985 og safnsvæði þess er Austur-Skaftafellssýsla. Héraðsskjalasafn er sjálfstætt starfandi skjalavörslustofnun sem lýtur faglegu eftirliti Íþjóðskjalasafns Íslands og annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala ásamt skrásetningu þeirra. Héraðsskjalasafn leitast við að gera safnkostinn aðgengilegan notendum. Eitt meginhlutverk Héraðsskjalasafns er að varðveita og efla þekkingu á sögu héraðsins. Í safninu skal starfrækt ljósmyndadeild. **Héraðsskjalasafnið starfar eftir gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.**

Söfnunarstefna

Héraðsskjalasafn safnar og varðveitir skjalasöfn þeirra embætta og stofnana sem heyra undir safnsvæðið. Héraðsskjalasafn skal leita eftir því að fá til varðveislu skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu. Safninu er ekki skyld að taka við gjöfum ef kvaðir fylgja.

Sýningarstefna

Safnið miðlar upplýsingum og stendur fyrir sýningum á sögulegum heimildum, er í samvinnu við aðrar stofnanir Menningarmiðstöðvar og kemur að útgáfu Skaftfellings.

Útlán safngripa

Héraðsskjalavörður fylgir sömu reglum og gilda í Þjóðskjalasafni um aðgang að skjölum og meðferð þeirra. Útlán eru að jafnaði óheimil nema til opinberra skjalasafna, bókasafna og rannsóknarstofnana. Lánþegi undirritar þar til gerðan lánssamning.

10.4 Listasafn

Hlutverk Listasafns er að safna listaverkum með sérstakri áherslu á austurskraftfellska list. Annað meginhlutverk Listasafns er að skrá og varðveita verk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Listaverk skulu að staðaldri vera til sýnis í sem flestum stofnunum sveitarfélagsins auk þess sem Listasafn efnir til sérstakra sýninga. **Listasafn starfar eftir gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.**

Söfnunarstefna

Forstöðumaður og safnvörður tekur ákvarðanir í samræmi við söfnunarstefnu safnsins um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Allir gripir skulu skráðir í viðurkennda safnskrá og skal safnskráin vera aðgengileg almenningi. Það er ekki heimilt að taka við gjöfum sem kvaðir fylgja. Gjöf skal fylgja gjafabréf undirritað af gefanda.

Sýningarstefna

Safneign er grunnforsenda þess að safn geti starfað. Kjarni safneignar Listasafns samanstendur af verkum Svavars Guðnasonar og annarra hornfírsksra málara. Listasafnið skal kappkosta að kynna starfsemi sína fyrir sem flestum og vera til þess búið að þjóna gestum sínum sem best. Sýningar safnsins eiga að auka aðgengi og áhuga almennings að listum. Listasafn stendur fyrir sýningum á verkum úr safneign og sýningum frá öðrum söfnum, stofnunum eða einstaklingum.

Útlán safngripa

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar ákveður hvort og hvenær má láta gripi af hendi eða skipta við önnur söfn. Lánþegi undirritar þar til gerðan lánssamning. **Safnið starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safnalögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum. Stofnunin starfar eftir siðareglum ICOM.**

10.5 Náttúrugripasafn

Hlutverk Náttúrugripasafns er að safna gripum sem tengjast náttúru svæðisins og gera þá sýnilega fyrir almenning. Einnig að vinna að náttúrurannsóknum og umhverfisvernd í samvinnu við náttúrverndar-samtök og stofnanir, skrá muni og náttúruminjar og halda til haga upp-lýsingum um þessi atriði. **Náttúrugripasafn starfar eftir gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.**

Söfnunarstefna

Náttúrugripasafni er ætlað að vernda minjar og ná fram heildstæðri mynd af náttúru svæðisins. Söfnunarflokkar eru lífríki, bergmyndanir og gróðurfar. Safninu er ekki skylt að taka við gjöfum ef kvaðir fylgja.

Sýningarstefna

Náttúrugripasafnið skal kappkosta að kynna starfsemi sína fyrir sem flestum og vera til þess búið að þjóna gestum sínum sem best. Sýningar safnsins eiga að auka aðgengi og áhuga almennings á náttúru svæðisins.

Útlán safngripa

Forstöðumaður Menningarmiðstöðvar og safnvörður Náttúrugripa-safns ákveða hvort og hvenær má láta gripi af hendi eða skipta við önnur söfn. Lánþegi undirritar þar til gerðan lánssamning.

Safnið starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safna-lögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminja-lögum. Stofnunin starfar eftir siðareglum ICOM.

11. gr. Önnur verkefni:

Sýningar.

Umsjón gamalla húsa og bygginga.

Tónleikar.

Útgáfa.

Rannsóknir.

Fundir og fyrirlestrar.

Kvöldvökur og skemmtanir.

Kafli III

Um lokun safnsins og gildistíma.

12. gr. Verði nokkru sinni ákveðið að leggja Menningarmiðstöð Hornafjarðar eða einstakar deildir hennar niður skal safnkosti þess vera ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykkta og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eignum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

13. gr. Stofnskrá þessi tekur gildi við samþykki bæjarstjórnar sveitarfélagsins Hornafjarðar.

„Söfnin innan Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar starfa eftir safnalögum frá árinu 2013 og fjóðminjalögum frá 2012. Menningarmiðstöð befur sína eigin stofnskrá og starfar eftir henni. Sveitarfélag er sett saman úr mörgum ólikum menningarpáttum og er markmið stefnunnar að leiða öflugt menningarstarf í samstarfi við ibúa sveitarfélagsins. Í samfélagi okkar og i þessari stefnu er farið er skrefum í átt til framtíðar í menningarmálum. En eins og staðan er í dag þarf að koma festu á þá præði sem vinna þarf eftir og hvernig einu sveitarfélagi að vera kleift að hlúa að menningu án þess að taka yfir páttinn heldur einnig að leyfa binum skapandi einstaklingi að njóta sín. Hlúa þarf að menningu í heild sinni, horfa til þess sem kemur sveitafelaginu til góða. Öflug og fjölbreytt menning styður samfélagið okkar og gerir þeim sem hafa í hyggju að flytja til okkar auðveldara með að taka ákvörðun um hvar þeir vilja setjast að.“

Gott og gefandi menningarstarf getur myndað stolt í hjörtum ibúanna sem leiðir til ankinna lífsgæða.“

Kristín Gestsdóttir, formaður
Menningarmálanefndar Hornafjarðar.



Stofnskrá þessi var samþykkt á fundi menningarmálanefndar Hornafjarðar.

Dags: 17.10. '17

Undirskrift:

Kristín G. Gestsdóttir

Staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Dags: 9. 11 2017

Undirskrift: Þórn Þórh. Ólssons

